



Innviðaráðuneytið
Sent í gegnum samráðsgátt

Borg, 24. ágúst 2023

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar því að verið sé að vinna áfram að samstillingu á stefnumótun ríkis og sveitarfélaga með heildarhagsmuni sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Jafnframt ítrekar sveitarstjórn skoðun sína, að það sé jákvætt að í innviðaráðuneytinu sé lögð rík áhersla á samhæfingu stefna og áætlana og að stefnur í málaflokkum ráðuneytisins verði fimm; byggðaáætlun, samgönguáætlun, landsskipulagsstefna, húsnæðisstefna og stefna í sveitarstjórnarmálum. Sveitarstjórn styður þá hugmyndafræði ráðuneytisins að til að ná sem bestum árangri verði stefnurnar settar fram með sameiginlegri framtíðarsýn og meginmarkmiðum þannig að málefni myndi eina heild. Í þeirri vinnu sem nú fer fram í tengslum við landsskipulagsstefnu er afar mikilvægt er að skipulagsvald sveitarfélaga verði virt og á engan hátt skert.

Í umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. desember 2022 um grænbók um sveitarstjórnarmál komu fram áhyggjur vegna notkunar á hugtakinu búsetufrelsi. Síðan þá er orðið skýrara að hugtakið eigi að endurspeglar „þá sýn að lífsgæði fólks séu ekki síst fólgin í því að geta búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar sem er á landinu“ eins og segir í grænbók um skipulagsmál á blaðsíðu 8 og 9. Sveitarstjórn fagnar því að Innviðaráðuneytið fari enn lengra í útskýringum sínum á hugtakinu en í grænbókinni á blaðsíðu 9 segir; „Fjölbreytt íbúðasamsetning, nærþjónusta og grunnkerfi fjölbreyttra samgönguhátta óháð staðsetningu á landinu er því grunnstefið í hugtakinu búsetufrelsi. Með áherslu á búsetufrelsi er ekki verið að opna fyrir að fólk geti kosið sér búsetu utan þeirra svæða sem sveitarfélög skipuleggja fyrir íbúðabyggð“.

Hafa þarf í huga að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og sveitarstjórnnum. Unnar eru skipulagsáætlanir fyrir hvert sveitarfélag og þar hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetu og búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðarþróun í sínum skipulagsáætlunum. Sveitarfélögin fylgja eðlilega fyrirmælum skipulags- og mannvirkjalaga í þeim efnunum sem og þeim reglum sem á þeim lögum byggja.

Nýlega voru gerðar breytingar á skipulagslögum sem lúta að uppbyggingu raforkuinnviða þar sem tekin verður ein sameiginleg skipulagsákvörðun. Það má vel vera að slíkt einfaldi eitthvað en skipulagsvaldið er án efa hjá sveitarfélögunum og sveitarstjórnnum sem vinna og lifa á því svæði sem þau hafa skipulagsvaldið yfir og því má áætla að viðkomandi aðilar séu líklega best til þess fallin að stýra skipulagsmálum á sínum svæðum.

Sveitarstjórn leggur þar af leiðandi mjög ríka áherslu á að tryggja þurfi aðkomu sveitarfélaga að vinnunni þegar skilgreina á þjóðhagslega mikilvæga innviði og eins við mótun á farvegi um stefnumörkun sem varðar sameiginlegar skipulagsákvörðanir um þjóðhagslega mikilvæga innviði.



Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vill jafnframt koma því á framfæri að skoða þurfi í skipulagsmálum ítarlegri og/eða skýrari viðurlög vegna óleyfisframkvæmda og skýra heimildir skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa til að bregðast við þegar framkvæmt er í óleyfi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er að sjálfsögðu reiðubúin til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar


SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
Iðna Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri